

Laun á almennum vinnumarkaði 2009

Earnings in the private sector 2009

Samantekt Regluleg laun á almennum vinnumarkaði voru 334 þúsund krónur að meðaltali árið 2009. Miðgildi reglulegra launa var 282 þúsund krónur og því var helmingur launamanna með laun undir þeirri upphæð. Algengast var að regluleg laun væru á bilinu 175-225 þúsund krónur og var rúmlega fimmtungur launamanna með laun á því bili.

Ef eingöngu eru skoðaðir fullvinnandi launamenn voru regluleg laun þeirra 366 þúsund krónur á mánuði að meðaltali og var miðgildi þeirra 309 þúsund krónur. Regluleg heildarlaun voru 391 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið var 344 þúsund krónur. Heildarlaun voru 423 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 373 þúsund krónur. Greiddar stundir voru að meðaltali 43,1 á viku.

Regluleg laun launamanna í hæsta fjórðungi voru 3,2 sinnum hærri regluleg laun launamanna í lágsta fjórðungi. Árið 2008 var samsvarandi tala 3,4. Þetta má sjá þegar fjórðungastuðull launa er skoðaður. Fjórðungastuðull heildarlauna var 2,8 árið 2009 og hafði lækkað úr 3,3 árið áður. Þetta gefur vísbendingu um að dreifing launa á almennum vinnumarkaði sé að minnka.

Áhrifa af breyttri samsetningu vinnumarkaðarins gætir í gagnasafninu. Þannig dregst vægi byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar saman úr 14% í 8% frá fyrra ári. Samdráttur í efnahagslífinu endurspeglast einnig í breyttri samsetningu innan einstakra atvinnugreina. Þannig fækkaði verkafólki í fyrrgreindri atvinnugrein frá því að vera 49% af vegnum heildarfjölda í greininni árið 2008 niður í 37% árið 2009. Þá jókst vægi stjórnenda á sama tíma úr 3% í 6%.

Í þessu Hagtíðindahefti má meðal annars finna ítarlega umfjöllun um laun, vinnutíma og launadreifingu eftir starfsstéttum, atvinnugreinum og kyni. Þá er einnig gerð grein fyrir samsetningu gagnasafnsins sem niðurstöðurnar byggja á.

Laun á almennum vinnumarkaði

Lýsing á launastigi Laun á almennum vinnumarkaði eru meðallaun í ákveðnum atvinnugreinum, starfsstéttum og störfum og byggja niðurstöður á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands sem nær til tæplega 30 þúsund launamanna á almennum vinnumarkaði. Laun á almennum vinnumarkaði lýsa ekki launaþróun miðað við fasta samsetningu líkt og vísitala launa, heldur launastigi í krónum miðað við samsetningu vinnumarkaðarins hverju sinni.

Regluleg laun Regluleg laun eru laun fyrir umsaminn vinnutíma á mánuði, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru reiknuð bæði fyrir fullvinnandi launamenn og starfsfólk í hlutastarfi. Laun einstaklinga í hlutastarfi eru umreiknuð í fullt starf.




Regluleg laun voru að meðaltali 334 þúsund krónur árið 2009, 366 þúsund krónur hjá fullvinnandi launamönnum og 250 þúsund krónur hjá fólki í hlutastarfi.

Regluleg laun karla voru 360 þúsund krónur að meðaltali, 386 þúsund krónur hjá fullvinnandi körlum og 265 þúsund hjá körlum í hlutastarfi. Regluleg laun kvenna voru 293 þúsund krónur að meðaltali, 328 þúsund hjá fullvinnandi konum og 236 þúsund hjá konum í hlutastarfi. Á mynd 1 má sjá meðaltal og miðgildi reglulegra launa karla og kvenna í hlutastarfi og fullvinnandi.

Mynd 1. Regluleg laun á almennum vinnumarkaði eftir vinnutíma 2009

Figure 1. Regular salaries in the private sector by working hours 2009



Regluleg heildarlaun

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum greiðslum vegna tilfallandi yfirvinnu og fyrirframgreiddrar uppmælingar. Regluleg heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Eins og sést á mynd 2 voru regluleg heildarlaun 391 þúsund krónur að meðaltali árið 2009, 417 þúsund krónur hjá körlum og 337 þúsund krónur hjá konum.

Heildarlaun

Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættum ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili að frátöldum akstursgreiðslum og hlunnindum. Dæmi um slíkar greiðslur eru desemberuppbót, frammistöðutengdar greiðslur, ákvæðisgreiðslur og eingreiðslur. Heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Heildarlaun voru 423 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009, 454 þúsund krónur hjá körlum og 358 þúsund krónur hjá konum. Greiðslur vegna kaupréttarsamninga eru ekki hluti af heildarlaunum þar sem þær teljast til hlunninda.

Greiddar stundir


Greiddar stundir er samanlagður fjöldi greiddra stunda á viku í fullu starfi hvort heldur sem er í dag-, vakta- eða yfirvinnu. Greiddar stundir voru 43,1 að meðaltali árið 2009, 44,0 hjá körlum og 41,3 hjá konum. Greiddar stundir hafa dregist nokkuð saman frá árinu 2008 og þá sérstaklega hjá körlum. Karlar fá nú að jafnaði greiddar 2,7 stundum meira en konur, en samsvarandi tala var 4,6 árið 2008.

Meðaltal hærra en miðgildi

Eins og sjá má á mynd 2 á næstu síðu er miðgildi allra launahugtaka lægra en meðaltal þeirra. Það má meðal annars skýra með því að kjarasamningar tryggja ákveðin lágmarkskjör en þeir kveða ekki á um hámarkskjör. Því eru fleiri útgildi til hækkunar meðaltals en lækkunar.

Mynd 2. Meðaltal og miðgildi launa fullvinnandi launamanna 2009


Figure 2. Mean and median earnings for full-time employees 2009



Á mynd 3 má sjá dreifingu reglulegra launa, reglulegra heildarlauna og heildarlauna hjá fullvinnandi launamönnum árið 2009. Um 63% launamanna eru með regluleg laun á bilinu 175-375 þúsund krónur á mánuði, 58% þeirra eru með regluleg heildarlaun á sama bili og helmingur er með heildarlaun á þessu bili.

Mynd 3. Dreifing launa hjá fullvinnandi launamönnum 2009

Figure 3. Distribution of earnings for full-time employees 2009



Hlutfall undir meðaltali og fjórðungastuðull

Hagstofan birtir upplýsingar í vefstöfum á vefnum um meðaltal, miðgildi, neðri og efri fjórðungsmörk launa. Til að gefa enn frekari upplýsingar um dreifingu launa hefur verið bætt við upplýsingum sem sýna hlutfall launamanna undir meðaltali og fjórðungastuðul. Niðurstöður ná aftur til ársins 1998 fyrir starfsstéttir og atvinnugreinar fullvinnandi launamanna. Mynd 2 að ofan sýnir að meðaltal launa er alltaf hærra en miðgildi þeirra og mynd 3 sýnir að dreifing launa er skekkt til hægri. Ef meðaltal og miðgildi launa væri það sama væri helmingur launamanna með laun undir meðaltali og helmingur með laun yfir meðaltali. Eftir því sem að hlutfall þeirra sem eru með laun undir eða jöfn meðaltali er fjær 50% þeim mun skekktari

er launadreifingin. Árið 2009 voru 64% fullvinnandi launamanna með heildarlaun undir meðaltali en árið 2008 var samsvarandi hlutfall 66%.

Fjórðungastuðull byggir á hlutfalli á milli veginnar launasummu þeirra sem tilheyra efsta fjórðungi launastigans og þeirra sem tilheyra neðsta fjórðungi. Í töflu 1 má sjá að vegin launasumma heildarlauna fullvinnandi launamanna á almennum vinnu- markaði sem tilheyrðu efsta fjórðungi var 2,8 sinnum hærra en vegin launasumma þeirra sem tilheyrðu neðsta fjórðungi árið 2009. Samsvarandi fjórðungastuðull fyrir árið 2008 var 3,3 fyrir heildarlaun og hefur því lækkað milli ára.

Tafla 1. Fjórðungastuðull fullvinnandi launamanna

Table 1. Quartile share ratio for full-time employees

Ár <i>Year</i>	Regluleg laun <i>Regular salaries</i>	Regluleg heildarlaun <i>Total regular salaries</i>	Heildarlaun <i>Total salaries</i>
2005	3,2	2,6	3,0
2006	3,3	2,7	3,1
2007	3,4	2,7	3,2
2008	3,4	2,7	3,3
2009	3,2	2,7	2,8

Heildarlaun lækka frá fyrra ári

Þrátt fyrir að gagnasafninu, sem laun á almennum vinnumarkaði byggja á, sé ekki haldið föstu á milli ára má draga almennar ályktanir um breytingar á milli ára. Þannig hafa regluleg laun hækkað um 3% á almennum vinnumarkaði í heild. Hjá fullvinnandi launamönnun hafa regluleg heildarlaun staðið í stað en heildarlaun hafa dregist saman um 7%. Þá hefur heildarfjöldi greiddra stunda dregist saman um tæp 4%. Samsetning gagnsafnsins hefur einnig breyst nokkuð með tilliti til atvinnu- greina en umfjöllun um gagnasafnið er að finna á blaðsíðu 25.

Vægi byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar minnkar

Vægi byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar hefur minnkað í gagnasafninu og fór úr 14% í 8% en vægi samgangna og flutninga og verslunar og viðgerðarþjónustu hefur aukist um 3-4 prósentustig. Vægi starfsstétta innan byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar hefur einnig breyst. Þar hefur vægi verkafólks minnkað úr tæplega 50% í 37% og vægi stjórnenda aukist úr 3% í 6%. Þessar breytingar á sam- setningu starfsstétta skýra fyrst og fremst þá launahækkun sem var í byggingar- iðnaði og mannvirkjagerð á milli ára þar sem regluleg laun hækkuðu um 12,5%.

Laun fullvinnandi eftir starfsstétt

Meðaltal reglulegra launa stjórnenda var 676 þúsund krónur og verkafólks 238 þúsund krónur

Árið 2009 voru stjórnendur með hæst laun allra starfsstétta. Regluleg laun þeirra voru 676 þúsund krónur að meðaltali á mánuði, regluleg heildarlaun 684 þúsund krónur og heildarlaun 749 þúsund krónur. Laun voru að jafnaði lægst hjá verka- fólki, þar sem regluleg laun voru 238 þúsund krónur að meðaltali, regluleg heildar- laun voru 294 þúsund krónur og heildarlaun 320 þúsund krónur. Greiddar stundir voru flestar hjá verkafólki eða 46,5 stundir að meðaltali á viku.

Yfirvinna mest hjá verkafólki

Á mynd 4 má sjá að munur á reglulegum launum og reglulegum heildarlaunum var mestur hjá iðnaðarmönnunum og verkafólki árið 2009. Þessi munur hefur þó dregist saman frá árinu 2008, sem má meðal annars skýra með fækkun yfirvinnustunda.


Óreglulegar greiðslur dragast saman frá fyrra ári

Þegar regluleg heildarlaun og heildarlaun eru borin saman sést að munurinn er mestur hjá stjórnendum. Þá var munurinn einnig töluverður hjá iðnaðarmönnum. Munurinn á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum liggur í ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, svo sem frammistöðutengdra greiðslna, hlutdeildar í hagnaði fyrirtækja og uppgjors á uppmælingum. Dregið hefur úr þessum greiðslum frá fyrra ári, sérstaklega hjá stjórnendum og sérfræðingum.

Á mynd 4 má sjá laun eftir starfsstétt árin 2008 og 2009. Súllunni er skipt í þrennt. Neðsti hlutinn sýnir regluleg laun og næsti hluti sýnir þá upphæð sem bæt er við til að fá regluleg heildarlaun. Efsti hlutinn sýnir svo þann hluta sem bætist ofan á regluleg heildarlaun til að fá heildarlaun. Þannig sýnir súlan í heild sinni skiptingu heildarlauna í starfsstéttinni.

Mynd 4. Laun fullvinnandi launamanna eftir starfsstétt

Figure 4. Earnings by occupational group for full-time employees



Skýringar Notes: Alls Total; (1) Stjórnendur Managers; (2) Sérfræðingar Professionals; (3) Tæknar og sérmenntað starfsfólk Technicians and associate professionals; (4) Skrifstofufólk Clerks; (5) Þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólk Service workers and shop and market sales; (IÐN) Iðnaðarmenn Craft workers; (VERK) Verkafólk General, machine and specialised workers.

Greiddum stundum fækkar á milli ára

Eins og áður hefur komið fram er launum á almennum vinnumarkaði ekki ætlað að lýsa breytingum á launum miðað við fasta samsetningu úrtaksins en þó geta niðurstöður gefið ákveðnar vísbendingar um breytingar á vinnutíma og launum. Á milli árána 2008 og 2009 stóðu greiddar stundir í stað eða drógust saman. Mesta breytingin var hjá iðnaðarmönnum og verkafólki þar sem greiddar stundir drógust saman um 6%.

Heildarlaun lækka hjá öllum starfsstéttum nema þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki

Þá lækkuðu regluleg laun stjórnenda og sérfræðinga um 1% frá síðasta ári en regluleg laun annarra starfsstétta hækkuðu. Mest hækkuðu regluleg laun verkafólks eða um 5%. Heildarlaun allra starfsstétta nema þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks lækkuðu frá síðasta ári. Heildarlaun þeirra hækkuðu um 3% en heildarlaun annarra starfsstétta lækkuðu um 1–17%. Minnst var lækkunin hjá skrifstofufólki en mest hjá stjórnendum.

Dreifing reglulegra launa stjórnenda

Við samanburð á dreifingu launa árið 2009 kemur í ljós að dreifing reglulegra launa stjórnenda var töluvert meiri en dreifing launa annarra starfsstétta. Þannig má sjá í töflu 2 á blaðsíðu 16 að fjórðungastuðull reglulegra launa stjórnenda 3,1 en

næst á eftir koma tæknar og sérmenntað starfsfólk með fjórðungastuðulinn 2,3. Skýrist þessi mikla dreifing meðal annars af uppbyggingu starfaflokkunarkerfisins ÍSTARF95, sem starfsstéttir byggja á, en í hópi stjórnenda má bæði finna æðstu stjórnendur fyrirtækja og yfirmenn deilda.

Regluleg laun stjórnenda

Regluleg laun stjórnenda voru 676 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og var miðgildi þeirra 623 þúsund krónur. Algengast var að regluleg laun stjórnenda væru á bilinu 575-625 þúsund krónur og voru tæplega 10% stjórnenda með laun á því bili eins og sjá má á mynd 5.


Meðaltal reglulegra launa karla í hópi stjórnenda var 719 þúsund krónur og miðgildi þeirra 656 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í hópi stjórnenda voru að meðaltali 552 þúsund krónur og miðgildi þeirra 532 þúsund krónur.

Stjórnendum með hærri laun en 1.175 þúsund krónur á mánuði hefur heldur fækkað hlutfallslega frá fyrra ári. Árið 2008 voru um 10% stjórnenda með laun yfir 1.175 þúsund krónur, 13% karla og 3% kvenna. Árið 2009 voru 9% stjórnenda með laun yfir 1.175 þúsundum króna, 11% karla og 3% kvenna.

Mynd 5 sýnir dreifingu reglulegra launa stjórnenda árið 2009. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni og línurnar sýna dreifingu launa karla annars vegar og kvenna hins vegar. Lóðréttu línurnar sýna meðaltal og miðgildi allra, óháð kyni.

Mynd 5. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi stjórnenda 2009

Figure 5. Distribution of full-time managers' regular salaries 2009



Heildarlaun stjórnenda


Meðaltal heildarlauna hjá stjórnendum árið 2009 var 749 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 671 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna stjórnenda hefur lækkað um 17% frá fyrra ári og fjórðungastuðull heildarlauna lækkar úr 4,9 í 3,2. Árið 2008 voru 73% stjórnenda með heildarlaun undir meðaltali en árið 2009 var hlutfallið komið niður í 61%.

Heildarlaun karlkyns stjórnenda voru með 808 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 710 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna kvenna var 583 þúsund krónur og miðgildi 536 þúsund krónur. Greiddar stundir stjórnenda voru 39,8 stundir að meðaltali á viku, 40,0 stundir hjá körlum og 39,3 hjá konum. Hafa ber í

huga að margir stjórnendur eru með fastlaunasamninga en í slíkum samningum felst meðal annars að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu.

Mynd 6. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi stjórnenda 2009

Figure 6. Distribution of full-time managers' total salaries 2009




Regluleg laun sérfræðinga

Regluleg laun sérfræðinga voru 557 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009 og miðgildi 527 þúsund krónur. Á mynd 7 á næstu síðu má sjá að meirihluti sérfræðinga, eða rúmlega 60% þeirra voru með regluleg laun á bilinu 375–625 þúsund krónur. Meirihluti karla liggur þó einu launabili ofar, en rúmlega 60% þeirra voru með laun á bilinu 425–675 þúsund krónur. Meirihluti kvenna liggur einu launabili neðar en meðaltalið en rúmlega 70% þeirra eru með laun á bilinu 325–575 þúsund krónur.

Karlar í hópi sérfræðinga voru með 588 þúsund krónur í regluleg laun að meðaltali og miðgildi var 560 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa kvenna var 506 þúsund krónur og miðgildi 470 þúsund krónur.

Mynd 7. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi sérfræðinga 2009

Figure 7. Distribution of full-time professionals' regular salaries 2009




Heildarlaun sérfræðinga

Árið 2009 voru heildarlaun sérfræðinga 604 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 563 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna sérfræðinga lækkaði um 12% frá árinu 2008. Þá var hlutfall þeirra sérfræðinga sem var undir meðaltali heildarlauna 58% árið 2009 + en var 64% árið 2008 sem bendir til þess að dreifing heildarlauna sé að minnka. Um 6% sérfræðinga voru með heildarlaun yfir 1.175 þúsundum króna árið 2008 en árið 2009 er hlutfallið orðið 2%.

Heildarlaun karla voru 641 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 610 þúsund krónur. Meðal kvenna voru heildarlaun 542 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 500 þúsund krónur. Um fimmtungur kvenna voru með heildarlaun á bilinu 425–475 þúsund krónur en samsvarandi topp er ekki að finna í heildarlaunum karla þar sem dreifingin er meiri hjá þeim. Greiddar stundir á viku voru 39,6 að meðaltali hjá sérfræðingum, 39,7 hjá körlum og 39,5 hjá konum. Líkt og hjá stjórnendum eru fastlaunasamningar algengir í hópi sérfræðinga.

Mynd 8. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi sérfræðinga 2009

Figure 8. Distribution of full-time professionals' total salaries 2009




Regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru 415 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009. Miðgildi reglulegra launa var 372 þúsund krónur. Um 40% tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru með regluleg laun á bilinu 275–375 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru 486 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 444 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 354 þúsund krónur og miðgildi 335 þúsund krónur. Launadreifing kynjanna er nokkuð ólík í þessari starfsstétt, en tæpla 70% kvenna eru með regluleg laun undir 375 þúsund krónum en 30% karla.

Mynd 9. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi tækna og sérmenntaðs starfsfólks 2009

Figure 9. Distribution of full-time technicians and associate professionals' regular salaries 2009




Heildarlaun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Heildarlaun tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru 463 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009 og miðgildi 412 þúsund. Eins og sjá má í töflu 2 á blaðsíðu 16 var fjórðungastuðull heildarlauna tækna og sérmenntaðs starfsfólks sá næst hæsti árið 2009 eða 2,3. Nokkuð hefur þó dregið úr dreifingu heildarlauna þar sem fjórðungastuðullinn var 2,9 árið 2008.

Heildarlaun karla voru 552 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 504 þúsund krónur. Konur voru með 388 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 372 þúsund krónur. Greiddar stundir voru 40,3 að meðaltali á viku hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki, 41,0 hjá körlum og 39,7 hjá konum. Dreifingu heildarlauna tækna- og sérmenntaðs starfsfólks má sjá á mynd 10 á næstu síðu.

Mynd 10. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi tækna og sérmenntaðs starfsfólks 2009

Figure 10. Distribution of full-time technicians and associate professionals' total salaries 2009




Regluleg laun skrifstofufólks

Regluleg laun voru 310 þúsund krónur að meðaltali á mánuði hjá skrifstofufólki árið 2009 og miðgildið 295 þúsund krónur. Rúmlega helmingur skrifstofufólks var með laun á bilinu 225-325 þúsund krónur eða 56% kvenna og 45% karla.

Meðaltal reglulegra launa hjá körlum var 330 þúsund krónur og miðgildið 315 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 303 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 289 þúsund krónur.

Mynd 11. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi skrifstofufólks 2009

Figure 11. Distribution of full-time clerks' regular salaries 2009



Heildarlaun skrifstofufólks


Árið 2009 voru heildarlaun skrifstofufólks 342 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 325 þúsund krónur. Tæplega 30% skrifstofufólks voru með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur.

Karlur voru að meðaltali með 372 þúsund krónur í heildarlaun og miðgildið 353 þúsund. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 331 þúsund krónur og miðgildið var

314 þúsund krónur. Rúmlega 70% karla voru með heildarlaun undir 425 þúsund krónum og rúmlega 85% kvenna voru með laun undir þeirri upphæð. Greiddar stundir á viku hjá skrifstofufólki voru 40,1. Hjá körlum voru greiddar stundir 41,1 að meðaltali og 39,7 hjá konum.

Mynd 12. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi skrifstofufólks 2009

Figure 12. Distribution of full-time clerks' total salaries 2009




Regluleg laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks

Regluleg laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks voru 293 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009 og miðgildið 278 þúsund krónur.

Meðaltal reglulegra launa var 320 þúsund krónur hjá körlum og miðgildi 309 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 240 þúsund og miðgildið 226 þúsund krónur. Tæplega 60% kvenna er með laun á bilinu 175–275 þúsund krónur en þriðjungur karla er með laun á sama bili.

Mynd 13. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 2009

Figure 13. Distribution of full-time service workers and shop and market sales' regular salaries 2009




Heildarlaun þjónustu-, sölu- og afgangslúfólks

Árið 2009 voru heildarlaun þjónustu-, sölu- og afgangslúfólks að meðaltali eða 334 þúsund krónur á mánuði. Miðgildi heildarlauna þeirra var 318 þúsund krónur.

Karlar voru með 367 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 365 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 280 þúsund krónur og miðgildi þeirra 269 þúsund krónur. Á mynd 14 má greina toppa í dreifingu heildarlauna hjá báðum kynjum þótt laun karla séu dreifðari en laun kvenna. Þannig var tæplega þriðjungur kvenna með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur en tæplega fjórðungur karla var með heildarlaun á bilinu 375–425 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru 42,7 að meðaltali, 42,8 hjá körlum og 42,4 hjá konum.

Mynd 14. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi þjónustu-, sölu- og afgangslúfólks 2009

Figure 14. Distribution of full-time service workers and shop and market sales' total salaries 2009




Regluleg laun iðnaðarmanna

Regluleg laun iðnaðarmanna voru 338 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 315 þúsund krónur. Um þriðjungur iðnaðarmanna var með regluleg laun á bilinu 275–325 þúsund.

Regluleg laun karla voru 339 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi launa þeirra var 315 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa kvenna var 308 þúsund og miðgildi þeirra var 290 þúsund krónur. Launatölur fyrir konur í starfsstéttinni eru birtar í fyrsta skipti í ár og eru þær birtar aftur til ársins 2005 á vef Hagstofu Íslands. Þar sem fáar konur tilheyra starfsstéttinni hlutfallslega er dreifing á launum kvenna ekki sýnd á mynd 15 á næstu síðu en konur veiga inn í heildartölurnar.

Mynd 15. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi iðnaðarmanna 2009

Figure 15. Distribution of full-time craft workers' regular salaries 2009




Heildarlaun iðnaðarmanna

Heildarlaun iðnaðarmanna voru að meðaltali 436 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 417 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 16 voru tæplega 60% iðnaðarmanna með heildarlaun á bilinu 325–475 þúsund krónur. Meðalfjöldi greiddra stunda voru 44,8 á viku og hafði meðaltalið lækkað um 2,7 stundir frá fyrra ári eða um 6%.

Heildarlaun karla voru 438 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi þeirra var 417 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru 336 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 313 þúsund krónur. Greiddar stundir karla voru 44,9 stundir að meðaltali á viku og greiddar stundir kvenna voru 41,3 stundir.

Mynd 16. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi iðnaðarmanna 2009

Figure 16. Distribution of full-time craft workers' total salaries 2009




Regluleg laun verkafólks

Verkafólk var með lægstu reglulegu launin í samanburði við aðrar starfsséttir árið 2009. Meðaltal þeirra var 238 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 221 þúsund krónur. Regluleg laun þeirra hækkðu þó mest allra starfstétta miðað við árið á undan eða um 5%.

Regluleg laun verkakarla voru 249 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 234 þúsund krónur. Regluleg laun verkakvenna voru 206 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið var 194 þúsund krónur. Algengast var að laun verkafólks væru á bilinu 175–225 þúsund krónur og var rúmlega 40% verkafólks með laun á því bili. Um 36% karla falla í þann hóp og 56% kvenna.

Mynd 17. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi verkafólks 2009

Figure 17. Distribution of full-time general, machine and specialized workers' regular salaries 2009




Heildarlaun verkafólks

Heildarlaun verkafólks voru 320 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009 og miðgildið 304 þúsund krónur. Dreifingu á heildarlaunum verkafólks má sjá á mynd 18 á næstu síðu.

Heildarlaun karla voru 339 þúsund krónur og miðgildið 329 þúsund krónur. Konur voru að meðaltali með 266 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 253 þúsund krónur. Þrír fjórðuhlutar verkafólks var með heildarlaun undir 375 þúsundum króna, tæplega 70% karla og 90% kvenna. Greiddar stundir voru 46,5 á viku að meðaltali, 47,1 hjá körlum og 44,9 hjá konum. Meðaltal greiddra stunda lækkaði um 2,8 stundir á viku milli árunna 2008 og 2009 eða um 6%.

Mynd 18. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi verkafólks 2009

Figure 18. Distribution of full-time general, machine and specialized workers' total salaries 2009



Hlutfall fullvinnandi launamanna undir meðaltali eftir starfsstétt

Í töflu á vef Hagstofunnar eru birtar upplýsingar um hlutfall fullvinnandi launamanna undir meðaltali eftir starfsstétt. Þar má sjá að 56–63% launamanna voru með regluleg laun undir meðaltali árið 2009. Hlutfallið var lægst hjá þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki en hæst var hlutfallið hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki. Samsvarandi tölur fyrir heildarlaun voru 55–64%. Þar var hlutfallið lægst hjá verkafólki og hæst hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki.

Fjórðungastuðull eftir starfsstétt

Í töflu 2 á næstu síðu má sjá fjórðungastuðul launa fullvinnandi launamanna fyrir árin 2008–2009. Fjórðungastuðullinn er reiknaður þannig að launasummu þeirra sem eru í efsta fjórðungi starfsstéttar er deilt í launasummu þeirra sem eru í neðsta fjórðungi starfsstéttar. Hæstur var fjórðungastuðull reglulegra launa árið 2009 hjá stjórnendum eða 3,1 og lægstur var hann hjá iðnaðarmönnum og skrifstofufólki 1,8. Þannig voru stjórnendur í efsta fjórðungi með rúmlega þrisvar sinnum hærri laun en stjórnendur í lægsta fjórðungi. Fjórðungastuðull heildarlauna var hæstur og lægstur hjá sömu stéttum og í tilfalli reglulegra launa.

Fjórðungastuðullinn hefur staðið í stað eða lækkað í öllum starfsstéttum milli áranna 2008 og 2009. Þannig lækkaði til að mynda fjórðungastuðull heildarlauna stjórnenda úr 4,9 í 3,2. Það bendir til þess að bilið á milli hæstu og lægstu launa innan starfsstéttarinnar sé að minnka enda hefur vægi ýmissa viðbótargreiðslna í heildarlaunum minnkað eins og sést á mynd 4 á blaðsíðu 5.

Tafla 2. Fjórðungastuðull fullvinnandi launamanna eftir starfsstéttTable 2. *Quartile share ratio for full-time employees by occupational group*

	Regluleg laun <i>Regular salaries</i>	Regluleg heildarlaun <i>Total regular salaries</i>	Heildarlaun <i>Total salaries</i>
2008			
Alls <i>Total</i>	3,4	2,7	3,3
Stjórnendur <i>Managers</i>	3,5	3,2	4,9
Sérfræðingar <i>Professionals</i>	2,3	2,3	2,9
Tæknar <i>Technicians</i>	2,5	2,5	2,9
Skrifstofufólk <i>Clerks</i>	2,0	2,0	2,1
Afgreiðslufólk <i>Service workers</i>	2,4	2,2	2,2
Iðnaðarmenn <i>Craft workers</i>	1,9	1,6	2,0
Verkafólk <i>General workers</i>	2,0	1,7	2,3
2009			
Alls <i>Total</i>	3,2	2,7	2,8
Stjórnendur <i>Managers</i>	3,1	3,0	3,2
Sérfræðingar <i>Professionals</i>	2,0	2,0	2,2
Tæknar <i>Technicians</i>	2,3	2,2	2,3
Skrifstofufólk <i>Clerks</i>	1,8	1,8	1,9
Afgreiðslufólk <i>Service workers</i>	2,2	2,1	2,1
Iðnaðarmenn <i>Craft workers</i>	1,8	1,6	1,9
Verkafólk <i>General workers</i>	1,9	1,7	2,1

Laun fullvinnandi eftir atvinnugrein

*Laun hæst í fjármálaþjónustu,
lífeyrissjóðum og váttryggingum*

Árið 2009 voru laun fullvinnandi launamanna hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Þar voru regluleg laun 478 þúsund krónur á mánuði að meðaltali, regluleg heildarlaun 491 þúsund krónur og heildarlaun 532 þúsund krónur. Laun voru lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu. Þar voru regluleg laun 330 þúsund krónur, regluleg heildarlaun 353 þúsund krónur og heildarlaun 373 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru flestar í iðnaði en þar voru greiddar stundir að jafnaði 45,5. Þetta er breyting frá fyrra ári þegar greiddar stundir voru að jafnaði flestar í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð.

*Vægi óreglulegra greiðslna
minskar*

Eins og sjá má á mynd 19 hefur samsetning launa breyst nokkuð frá árinu 2008. Þannig hefur vægi óreglulegra greiðslna dregist mikið saman í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum og heildarlaun þar lækkað að meðaltali um tæplega 19%.


*Breytt samsetning í
byggingariðnaði og
mannvirkjagerð*

Þá hefur vægi yfirvinnu minnkað í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Þar hafa hins vegar regluleg laun hækkað um 13,5%. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af breytingum á samsetningu vinnuaflds í þessari atvinnugrein en þar minnkaði vægi verkafólks úr um það bil helmingi niður í 37%. Þess vegna hefur vægi annarra stétta aukist og hefur til dæmis vægi stjórnenda farið úr 3% í 6%.

Á mynd 19 á næstu síðu má sjá laun eftir atvinnugrein árin 2008 og 2009. Súluinni er skipt í þrennt. Neðsti hlutinn sýnir regluleg laun og næsti hluti sýnir þá upphæð sem bætist við til að fá reglulegn heildarlaun. Efsti hlutinn sýnir svo þann hluta sem bætist ofan á regluleg heildarlaun til að fá heildarlaun. Þannig sýnir súlan í heild sinni skiptingu heildarlauna í atvinnugreininni.

Mynd 19. Laun fullvinnandi launamanna eftir atvinnugrein

Figure 19. Salaries by economic activity for full-time employees



Skýringar Notes: Alls Total; (D) Iðnaður Manufacturing; (F) Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð Construction; (G) Verslun og viðgerðarþjónusta Wholesale and retail trade; repair; (I) Samgöngur og flutningar Transport, storage and communication; (J) Fjármálaþjónusta, lífeyrissjóðir og váttryggingar Financial intermediation.

Regluleg laun í iðnaði


Regluleg laun fullvinnandi launamanna í iðnaði árið 2009 voru 331 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi reglulegra launa 283 þúsund krónur. Tæplega 60% launamanna í iðnaði voru með regluleg laun á bilinu 175–325 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru 348 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 296 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í iðnaði voru 285 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi reglulegra launa 244 þúsund. Algengustu laun karla og kvenna voru á bilinu 175–225 þúsund krónur. Tæplega 20% karla voru með laun á því bili en rúmlega 30% kvenna.

Á mynd 20 má sjá dreifingu reglulegra launa í iðnaði árið 2009. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni og línurnar sýna dreifingu reglulegra launa karla annars vegar og kvenna hins vegar.

Mynd 20. Dreifing á reglulegum launum fullv. launamanna í iðnaði 2009

Figure 20. Distribution of full-time employees' regular salaries in Manufacturing 2009




Heildarlaun í iðnaði

Meðaltal heildarlauna í iðnaði árið 2009 var 409 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 377 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru 435 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 400 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna í iðnaði var 332 þúsund krónur hjá konum og miðgildi heildarlauna 306 þúsund. Greiddar stundir á viku voru að meðaltali 45,5 í iðnaði, 46,2 hjá körlum og 43,6 hjá konum.

Mynd 21. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi launamanna í iðnaði 2009

Figure 21. Distribution of full time employees' total salaries in Manufacturing 2009




Regluleg laun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Á mynd 22 á næstu síðu má sjá regluleg laun fullvinnandi launamanna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2009. Þau voru að meðaltali 370 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 292 þúsund krónur. Regluleg laun í byggingariðnaði hækkuðu um 13,5% frá fyrra ári og stafar sú hækkun fyrst og fremst af breyttri samsetningu launamanna í atvinnugreininni. Þannig minnkaði vægi verkamanna úr 50% í 37% og vægi stjórnenda jókst úr 3% í 6%.

Regluleg laun karla voru 368 þúsund krónur og miðgildi þeirra var 289 þúsund krónur árið 2009. Samsvarandi tölur fyrir konur voru 395 þúsund krónur og 371 þúsund krónur. Launatölur fyrir konur í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eru birtar í fyrsta skipti í ár og eru þær birtar aftur til ársins 2005 á vef Hagstofu Íslands. Þar sem fáar konur starfa í atvinnugreininni er launadreifing þeirra ekki birt en þær vega inn í heildartölurnar.

Mynd 22. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi launamanna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 2009

Figure 22. Distribution of full time employees' total salaries in Construction 2009




Heildarlaun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Heildarlaun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2009 voru að meðaltali 449 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 403 þúsund krónur. Heildarlaun lækkuðu um 7,6% frá fyrra ári og skýrist það að mestu með breyttri samsetningu launa en yfirvinna og óreglulegar greiðslur ýmis konar drógust verulega saman. Breytt samsetning starfsstétta innan atvinnugreinarinnar sést líka á því að þeim fjölgaði hlutfallslega á milli ára sem voru með heildarlaun undir meðaltali eða úr 55% í 65%. Greiddar stundir á viku voru 44,5 að meðaltali og lækkaði meðaltalið um 5,8 stundir frá fyrra ári.

Heildarlaun karla voru 450 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi heildarlauna þeirra var 405 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru 430 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið var 389 þúsund krónur. Greiddar stundir karla voru 44,7 og greiddar stundir kvenna voru 41,3.

Mynd 23. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi launamanna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð 2009

Figure 23. Distribution of full time employees' total salaries in Construction 2009




Regluleg laun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 330 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 298 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru að meðaltali 343 þúsund krónur og miðgildi 312 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 284 þúsund krónur á mánuði og miðgildi launa 250 þúsund krónur. Flestir karlar eru með laun á bilinu 225–275 þúsund krónur eða ríflega fimmtungur. Flestar konur, eða fjórðungur, eru hins vegar með laun á næsta bili fyrir neðan, það er á bilinu 175–225 þúsund krónur.

Mynd 24. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi launamanna í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu 2009

Figure 24. Distribution of full time employees' regular salaries in Wholesale and retail trade; repair 2009




Heildarlaun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Á mynd 25 á næstu síðu má sjá heildarlaun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu voru 373 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 337 þúsund krónur. Rúmlega helmingur launamanna var með laun á bilinu 225–375 þúsund krónur.

Heildarlaun karla voru að meðaltali 393 þúsund krónur og miðgildi heildarlauna 353 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna var 311 þúsund krónur hjá konum og miðgildi heildarlauna 280 þúsund krónur. Topparnir í launadreifingu heildarlauna karla og kvenna færast upp um eitt launabil miðað við dreifingu reglulegra launa. Þannig var fimmtungur karla var með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur og fjórðungur kvenna var með laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru að meðaltali 42,3, hjá körlum 42,8 og hjá konum 40,9.

Mynd 25. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi launamanna í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu 2009

Figure 25. Distribution of full-time employees' total salaries in Wholesale and retail trade; repair 2009




Regluleg laun í samgöngum og flutningum

Í samgöngum og flutningum voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 355 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009. Miðgildi reglulegra launa var 291 þúsund krónur.

Regluleg laun karla voru 398 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 320 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í samgöngum og flutningum voru 286 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 262 þúsund krónur.

Mynd 26. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi launamanna í samgöngum og flutningum efir 2009

Figure 26. Distribution of full time employees regular salaries in Transport, storage and communication 2009




Heildarlaun í samgöngum og flutningum

Heildarlaun í samgöngum og flutningum voru 394 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2009 og miðgildi 330 þúsund krónur. Algengast var að heildarlaun væru á bilinu 225–325 þúsund krónur og voru það algengustu laun karla og kvenna. Um 14% karla voru með þau laun og fjórðungur kvenna.

Heildarlaun karla voru 451 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 387 þúsund krónur. Konur voru með 308 þúsund krónur að meðaltali í heildarlaun og miðgildi 289 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku í samgöngum og flutningum voru 41,9 að meðaltali, 42,7 hjá körlum og 40,6 hjá konum.

Mynd 27. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi launamanna í samgöngum og flutningum 2009

Figure 27. Distribution of full time employees' total salaries in Transport, storage and communication 2009




Regluleg laun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum

Í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 478 þúsund krónur að meðaltali á mánuði eins og sjá má á mynd 28 á næstu síðu. Miðgildi reglulegra launa var 422 þúsund krónur. Fjórðungastuðull reglulegra launa í fjármálaþjónustu lækkar úr 3,6 í 3 frá árinu 2008 eins og sjá má á töflu 3 á blaðsíðu 25.

Meðaltal reglulegra launa karla var 629 þúsund krónur og miðgildi 600 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 394 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 349 þúsund krónur. Dreifing reglulegra launa karla og kvenna er ólík eins og sjá má á mynd 28. Laun karla mynda nokkurs konar sléttu á bilinu 425–675 þúsund krónur og eru 8-10% karla á hverju launabili. Hins vegar er ríflega fimmtungur kvenna með laun á bilinu 275–325 þúsund krónur.

Mynd 28. Dreifing á reglulegum launum fullvinnandi launamanna í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum 2009

Figure 28. Distribution of full-time employees' regular salaries in Financial intermediation 2009




Heildarlaun í fjármálaþjónustu,
lífeyrissjóðum
og váttryggingum

Heildarlaun voru 532 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum árið 2009. Miðgildi heildarlauna var 450 þúsund krónur. Heildarlaun lækkuðu um tæplega 19% frá fyrra ári í þessari grein og munar þar mestu um samdrátt í ýmsum óreglulegum greiðslum. Árið 2008 voru 8% þessa hóps með heildarlaun yfir 1.175 þúsundum króna en árið 2009 voru 4% með heildarlaun yfir þeim mörkum. Þá lækkar fjórðungastuðull heildarlauna úr 4,9 í 3,1. Dreifingu heildarlauna í atvinnugreininni má sjá á mynd 29 á næstu síðu.

Meðaltal heildarlauna karla var 717 þúsund krónur og miðgildið 634 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 430 þúsund krónur og miðgildi 389 þúsund krónur. Vikulegar greiddar stundir voru 39,8 að meðaltali, 39,4 hjá körlum og 39,9 hjá konum. Hafa ber í huga að í þessari atvinnugrein eru svokallaðir fastlaunasamningar algengir. Þeir fela í sér að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu.

Mynd 29. Dreifing á heildarlaunum fullvinnandi launamanna í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum 2009

Figure 29. Distribution of full-time employees' total salaries in Financial intermediation 2009



Hlutfall fullvinnandi launamanna undir meðaltali eftir atvinnugrein

Hlutfall fullvinnandi launamanna með regluleg laun undir meðaltali árið 2009 var á bilinu 62–66%. Lægst var hlutfallið í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu en hæst var það í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Þegar litið er til heildarlauna voru 61–66% fullvinnandi launamanna með heildarlaun undir meðaltali. Lægst var hlutfallið í iðnaði en hæst í samgöngum og flutningum og fjármálaþjónustu. Þessar upplýsingar eru birtar í töflu á vef Hagstofunnar.

Fjórðungastuðull eftir atvinnugrein

Á töflu 3 á næstu síðu má sjá fjórðungastuðul launa fullvinnandi launamanna fyrir árin 2008 og 2009. Fjórðungastullinn er reiknaður þannig að launasummu þeirra sem eru í efsta fjórðungi atvinnugreinar er deilt í launasummu þeirra sem eru í neðsta fjórðungi atvinnugreinar. Hæstur var fjórðungastuðull reglulegra launa árið 2009 í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eða 3,3, og lægstur var hann í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu eða 2,7. Þannig voru launamenn í efsta fjórðungi byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar með ríflega þrisvar sinnum hærri laun en launamenn í neðsta fjórðungi. Fjórðungastuðull heildarlauna var hæstur í fjármálaþjónustu og samgöngum og flutningum eða 3,1 en lægstur í byggingarstarfsemi 2,4.

Fjórðungastuðullinn stóð í stað eða lækkað í öllum atvinnugreinum frá árinu 2008. Þannig lækkaði til að mynda fjórðungastuðull heildarlauna í fjármálaþjónustu úr 4,9 í 3,1. Það gefur til kynna að bilið á milli hæstu og lægstu launa innan atvinnugreinarinnar sé að minnka.

Tafla 3. Fjórðungastuðull fullvinnandi launamanna eftir atvinnugrein
 Table 3. Quartile share ratio for full-time employees by economic activity


	Regluleg laun <i>Regular salaries</i>	Regluleg heildarlaun <i>Total regular salaries</i>	Heildarlaun <i>Total salaries</i>
2008			
Alls <i>Total</i>	3,4	2,7	3,3
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	3,0	2,3	2,6
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	3,3	2,2	2,4
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	2,8	2,5	2,6
Samgöngur <i>Transport</i>	3,5	3,1	3,3
Fjármálaþjónusta <i>Financial intermediation</i>	3,6	3,5	4,9
2009			
Alls <i>Total</i>	3,2	2,7	2,8
Iðnaður <i>Manufacturing</i>	3,0	2,3	2,6
Byggingarstarfsemi <i>Construction</i>	3,3	2,4	2,4
Verslun <i>Wholesale and retail trade</i>	2,7	2,4	2,5
Samgöngur <i>Transport</i>	3,2	3,0	3,1
Fjármálaþjónusta <i>Financial intermediation</i>	3,0	2,9	3,1

Samsetning gagnasafnsins


Umfang Niðurstöður um laun á almennum vinnumarkaði byggja á gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands. Niðurstöðurnar ná til eftirfarandi atvinnugreina á almennum vinnumarkaði; iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F), verslunar og ýmissar viðgerðarþjónustu (G), samgangna og flutninga (I) og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga (J). Niðurstöðurnar byggja á launum tæplega 30 þúsund karla og kvenna, 18 ára og eldri, í þessum atvinnugreinum.

